

# STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1995

20. september 1995

1249

Nr. 502

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl., með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi efnisliður bætist við 2. gr.:

1905.3022 Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

21. september 1995

Nr. 503

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 458/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**

1. gr.

Vörumagn sem tilgreint er í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á rósum, einnig ágræddum (0602.4000) til 31. desember n.k., breytist þannig að í stað 5.000 kg komi ótilgr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. september 1995.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*